

ríkisins fer eftir við mat fasteigna og ákveðið heimtaugargjald í samræmi við það. Hús í smíðum skal meta sem fullbyggt væri, enda skal liggja fyrir staðfest teikning af því.

Heimtaugargjald nýbýlis, sem ekki hefur fengið staðfest fasteignamat skal ákveða með hliðsjón af því, að samanlagt matsverð lands og húsa býlisins verði 642 993,00 kr. en þó eigi lægra en fasteignamatsverð húsa. Heimtaugagjöld sumarbústaða, sumarbúða, veiðihúsa, hótela, verksmíðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 588/1983 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 584 30. júní 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið
frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október 1983 til 31. janúar 1984.

	U.S. \$ pr. lb. cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,40
Blokkfrystur hörpudiskur	3,20
Rauður hörpudiskur	1,90

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.